



Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti

Inngangur

Yfirlýsing þessi er gefinn út á grundvelli 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (hér eftir *SFDR-reglugerðin*), sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar nr. 25/2023.

Samkvæmt 4. gr. SFDR-reglugerðarinnar skal Íslandsbanki birta á vefsetri sínu upplýsingar um helstu neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti og mat á þeim. Yfirlýsing þessi uppfyllir þær kröfur með því að veita upplýsingar um það hvernig Íslandsbanki leggur mat á helstu neikvæðu áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti í fjárfestingaráðgjöf og fjárfestingum bankans. Íslandsbanki hefur gert samning um útvistun eignastýringar við Íslandssjóði, dótturfélag bankans.

Mat á helstu neikvæðu áhrifum

Fjárfestingaákvæðanir geta haft áhrif á sjálfbærni, bæði jákvæð og neikvæð. Íslandsbanki leitast við að taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestinga á sjálfbærniþætti. Eins og er, eru ekki lagt mat á viðeigandi mælikvarða fyrir helstu neikvæð áhrif vegna skorts á aðgengi að gögnum. Íslandsbanki mun vinna að auknu aðgengi að gögnum og útreikningsgetu til þess að gera bankanum kleift að leggja mat á helstu neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti.

Val á mælikvörðum

Sjálfbærnistefna Íslandsbanka myndar heildstæðan ramma um starfsemi bankans á sviði sjálfbærni og markar jafnframt stefnu bankans varðandi ábyrgar lánveitingar. Í stefnunni eru borin kennsl á tvö áhersluatriði, loftslagsbreytingar og fjölbreytileika og viðtæka þátttöku. Eins og er, eru ekki lagt mat á viðeigandi mælikvarða fyrir helstu neikvæð áhrif vegna skorts á aðgengi að gögnum. Íslandsbanki mun vinna að auknu aðgengi að gögnum og útreikningsgetu til þess að gera bankanum kleift að leggja mat á helstu neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti.

Auðkenning og mat á helstu neikvæðu áhrifum

Mat á helstu neikvæðu áhrifum er, eins og er, ekki samþætt við virkt eignarhald og stefnur eða ferla um virkar samræður vegna skorts á aðgengi að gögnum. Íslandsbanki mun vinna að auknu aðgengi að gögnum og útreikningsgetu til þess að gera bankanum kleift að leggja mat á helstu neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti og samþætta við virkt eignarhald og stefnur eða ferla um virkar samræður.

Útgáfa 1.1
17 Júlí 2024